

Uppbyggingarsjóðurinn úthlutar 75 milljónum

Úthlutunarnefnd hefur nú valið þau 85 verkefni sem hljóta styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2021. Metfjöldi umsókna barst og var það ærið verkefni fyrir úthlutunarnefndina að skera úr um hvaða verkefni skara framúr. Veittir voru styrkir til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningamála. Af 85 verkefnum sem hlutu styrk voru 34 í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar, 38 í flokki menningar og 13 stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar. Umsóknir bárust úr öllum sveitarfélögum og skiptist úthlutun svona:

Sveitarfélag	Atvinnuþr. & nýsköpun		Menningarstyrkur		Stofn- og rekstrar		Fjöldi	Upphæð
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð		
Akureyrarbær	14	19.900.000	24	14.160.000	4	3.000.000	42	37.060.000
Dalvíkurbyggð	1	1.500.000	1	500.000			2	2.000.000
Eyjafljótsveit	2	2.500.000					2	2.500.000
Fjallabyggð			3	2.200.000	3	4.000.000	6	6.200.000
Grýtubakkahreppur	1	1.000.000			1	500.000	2	1.500.000
Hörgársveit					1	3.400.000	1	3.400.000
Langanesbyggð	2	900.000	2	1.450.000	1	1.000.000	5	3.350.000
Norðurþing	8	5.700.000	4	2.640.000	1	1.000.000	13	9.340.000
Skútustaðahreppur	3	2.950.000	1	600.000			4	3.550.000
Svalbarðshreppur					1	750.000	1	750.000
Svalbarðsstrandarhreppur			1	600.000			1	600.000
Þingeyjarsveit	3	3.050.000			1	750.000	4	3.800.000
Utan svæðis			2	950.000			2	950.000
Grand Total	34	37.500.000	38	23.100.000	13	14.400.000	85	75.000.000

Úthlutunarháttíð var rafræn að þessu sinni vegna samkomutakmarkana og var vel sótt af styrkþegum þessa árs. Eyþór Björnsson, framkvæmdarstjóri SSNE sá um fundarstjórn auk þess sem Hilda Jana Gísladóttir, stjórnarformaður SSNE fór yfir mikilvægi Uppbyggingarsjóðsins og tengingu hans við Sóknaráætlun landshlutans. Formaður úthlutunarnefndar, Katrín Sigurjónsdóttir fór yfir störf nefndarinnar og sagði frá nokkrum vel völdum verkefnum af þeim 85 sem hlutu styrk. Þá mættu fyrri styrkþegar og fjölluðu stuttlega um verkefni sín sem hlotið hafa styrki áður auk þess sem áhrifamikil tónlistaratriði var í boði en listamaðurinn, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, hefur einmitt hlotið styrki fyrir frumsköpun listaverka sinna úr Uppbyggingarsjóði.

Yfirlit yfir alla 2021 styrkhafa verður birt á www.ssne.is fimmtudaginn 4. febrúar.

SSNE óskar öllum styrkþegum til hamingju um leið og við þökkum öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga og þá vinnu sem lögð var í umsóknargerðina alla.

Vinnustofur fyrir alla styrkþega

Öllum styrkþegum að þessu sinni verður boðið að taka þátt í vinnustofum þar sem verkefnastjórar SSNE sem sjá um umsýslu Uppbyggingarsjóðsins munu kynna næstu skref í ferlinu og svara algengum spurningum allra styrkþega.

Dagskráin:

- Starfsmenn SSNE halda stutta kynningu á ferli Uppbyggingarsjóðs og næstu skrefum fyrir styrkþega
- Starfsmenn fara yfir helstu atriði samninganna og skyldur styrkþega
- Starfsmenn kynna nýjung: rafrænar undirskriftir samninga
- Almennar umræður og fyrirspurnir

Fundarboð og hlekkur á vinnustofuna hefur verið sendur öllum styrkþegum en frekari upplýsingar gefur Rebekka Kristín í rebekka@ssne.is

AÐRIR SJÓÐIR OG STYRKIR

Menningarsjóður Akureyrar auglýsir styrki

Akureyrarstofa auglýsir eftir umsóknum í Menningarsjóð Akureyrar fyrir árið 2021. Hægt er að sækja um í fjórum flokkum eftir því sem við á:

- **Samstarfssamningar**
Verkefni sem stuðla að fjölbreyttu menningarlífi á Akureyri. Hægt er að sækja um samstarf til tveggja eða þriggja ára í senn. Upphæðir samstarfssamninga geta verið á bilinu 100.000-800.000 kr.
- **Verkefnastyrkir**
Verkefni sem hafa listrænt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið. Í ár er sérstök áhersla lögð á verkefni sem endurspeglar hinsegin samfélagið og fjölbreytileika mannlífsins. Styrkir eru að upphæð 50.000-400.000 kr. Einnig verður úthlutað tveimur styrkjum að upphæð 600.000 kr. til stærri verkefna í tengslum við Akureyrarvöku (27.-29. ágúst).
- **Starfslaun listamanna**
Umsóknir skulu innihalda greinargóðar og hnitmiðaðar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni á starfslaunatímabilinu, listferil og menntun. Árið 2021 eru veitt starfslaun að upphæð 2.700.000 kr. sem dreifast jafnt yfir 9 mánuði. Öllum með lögheimili á Akureyri er heimilt að sækja um í eigin nafni.
- **Sumarstyrkur ungra listamanna**
Úthlutað verður 1-2 styrkjum til ungs og efnilegs listafólks á aldrinum 18-25 ára sem er í framhaldsnámi eða á leið í framhaldsnám í sinni grein. Markmiðið er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu (júní-ágúst) með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum. Upphæð hvers styrks er 600.000 kr. sem dreifist jafnt yfir mánuðina júní, júlí og ágúst. Á móti styrknum mun viðkomandi koma fram meðal annars á viðburðum á sumarhátíðum bæjarins, Listasumri (2.-31. júlí) og Akureyrarvöku (27.-29. júlí), allt eftir nánara samkomulagi við Akureyrarstofu hverju sinni.

Umsóknarfrestur allra umsókna er til og með 14. febrúar 2021.

Hagnýtar upplýsingar:

Upplýsingar um reglur Menningarsjóðs, samþykkt um starfslaun listamanna og menningarstefnu Akureyrar má sjá [HÉR](#). Sótt er um rafrænt í gegnum [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#) á www.akureyri.is. Nánari upplýsingar veitir Almar Alfredsson verkefnastjóri menningarmála í netfanginu almar@akureyri.is.

NORA - Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) eru samtök fjögurra landa og fellur starfsemin undir byggðastefnu Norrænu Ráðherranefndarinnar. Starfssvæði NORA nær til Grænlands, Íslands, Færeyja og strandhéraða Noregs (níu norskra strandfylka frá Finnörku í norðri til Rogalands í suðri svo og Svalbarða). Landfræðileg lega, sameiginleg einkenni, viðfangsefni, saga, stofnanir svo og menningarleg bönd tengja NORA-löndin.

Næsti umsóknarfrestur í NORA verður 8. mars, en opnað verður fyrir umsóknir þann 15. febrúar n.k. Lesa má nánar um þetta [HÉR](#).

Boðið verður uppá rafræna kynningafundi eru bæði á skandinavísku og ensku en dagskráin inniheldur fræðslu um NORA-styrkina og kynningu á því hvornig standa á að umsóknargerðinni.

Hér eru slóðir á viðburðina ásamt tímasetningu, en fundirnir eru kl. 12 að íslenskum tíma:

- [miðvikudagur 17. febrúar – skandinavíska](#)
- [fimmtudagur 18. febrúar – enska](#)

Styrkir til atvinnumála kvenna

Vinnuálastofnun/velferðarráðuneytið auglýsir styrki til atvinnumála kvenna árið 2021 lausa til umsóknar. Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum:

- Verkefnið sé í meirihluta eigu konu/kvenna (51%) og stjórnað af konu.
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun af einhverju tagi.
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar.
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð.

Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar (600.000 kr.), ásamt styrkjum til markaðssetningar og vöruþróunar að hámarki 4.000.000 kr. Styrkir eru veittir fyrir helmingi af heildarkostnaði verkefna. Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 40.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 4.000.000.

Að þessu sinni hvetjum við frumkvöðlakonur á landsbyggðinni til að sækja um ásamt þeim sem eru atvinnulausar.

Umsóknarfrestur er frá 25. janúar til og með 1. mars og skal sækja um rafrænt á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is

Á heimasíðu verkefnisins má finna nánari upplýsingar um reglur og skilyrði sem þarf að uppfylla auk þess sem starfsmaður gefur nánari upplýsingar. asdis.gudmundsdottir@vmst.is

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum:
<https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna>

Styrkir til Norðurljósa

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsti styrki á málefna sviði ráðherra á haustdögum. Menningar- og hrútaðagar á Raufarhöfn fengu veglegan styrk úr þeim potti að upphæð 500.000 kr og má því búast við sérstaklega flottri dagskrá á menningar- og hrútaðögum á Raufarhöfn sem haldnir verða 24. september til 3. október nú í ár.

Ungmannafélagið Austri sem vinnur nú að hönnun og uppsetningu á frísbíggvelli á Raufarhöfn fékk einnig veglegan styrk frá mennta- og menningarráðuneyti og standa vonir til að hægt verði að koma upp velli í sumar. Slíkir vellir eru víða á starfssvæði SSNE en tveir voru teknir í notkun síðasta sumar á Þórshöfn sem og í Grímsey.

MEIRA AF UMhverfismálum

Í síðasta fréttabréfi var tæpt á vinnu SSNE hvað varðar umhverfismál. Nú er búið að skipa undirnefnd umhverfismála hjá SSNE og sæti í nefndinni eiga eftirfarandi aðilar:

- Guðmundur Sigurðarson, formaður, framkvæmdastjóri Vistorku
- Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps
- Salbjörg Matthíasdóttir, héraðsfulltrúi hjá Landgræðslunni
- Rut Jónsdóttir, umhverfisstjóri Akureyrarbæjar
- Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims

Fyrsti fundur var haldinn 29. janúar og á þeim fundi var farið yfir tillögur að verkefnum nefndarinnar og þau mótuð frekar. Eimur og SSNE hafa sent styrktarumsókn til Umhverfisráðuneytisins. Búið er að móta verkefni sem nefnist „Byggjum þekkingarbrýr í loftlagsmálum á Norðurlandi eystra“ sem miðar því að styðja innleiðingu loftlasstefnu og móta aðgerðaráætlun loftlagsmála fyrir hvert sveitarfélag. Einnig að byggja upp aðgerðarhlaðborð fyrir atvinnulífið. Eimur og SSNE hafa líka sent erindi á þrjú ráðuneyti með beiðni um áheyrn og styrk til að keyra ofangreint verkefni áfram. Nýsköpunar og SSNE og Vistorka eru í samstarfi um að fjármagna hagkvæmnismat á Líforkuveri en slíkt ver gæti orðið hlekkur í að byggja hér upp tækifæri í hringrásarhagkerfinu. Erindi hefur verið sent á öll sveitarfélög með beiðni um aðkomu að fjármögnun og einnig verður talað við einkaðila.

Starfsmaður SSNE hefur einnig verið í samtali við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi en nokkur ár eru síðan þau hleyptu af stokkunum verkefninu „Umhverfis Suðurland“ sem er regnhlíf yfir þeirra verkefni sem tengjast umhverfismálum. Þau eru komin langt með verkefni sem miðar að því að styðja við sveitarfélög þegar kemur að kostnaðargreiningum í úrgangsmálum og nokkuð víst að slíkt verkefni er yfirfæranlegt á fleiri svæði. Það er mikill hugur í fólki þvert á svæðið og mýmörg góð verkefni í farvatninu. Vonir standa til að hægt sé að yfirfæra og deila þekkingu og hugmyndum með aðkomu SSNE ásamt því að starfsfólk er í góðum samskiptum við Umhverfisráðuneytið svo að hægt sé að byggja ofan á stefnur og verkefni sem nú þegar eru í gangi.

Öllum áhugasömum um umhverfismál eru velkomin að hafa samband við starfsfólk SSNE til að koma á framfæri hugmyndum eða í leit að stuðning varðandi verkefni tengd umhverfismálum. Hægt er að senda póst á netfangið silja@ssne.is eða hringja í 8661775.

MÁLÞING SSNE OG AKUREYRARSTOFU

Fyrirtækjaþing Akureyrarbæjar

Akureyrarstofa og SSNE tóku höndum saman og skipulögðu vel heppnað fyrirtækjaþing (rafrænt að sjálfsögðu) þann 21. janúar. Komu þar saman í netheimum stjórnendur á fjórða tug fyrirtækja sem eru með fjölbreytilega atvinnustarfsemi á Akureyri og ræddu meðal annars um helstu kosti og áskoranir sem felast í fyrirtækjarekstri á svæðinu og tækifæri til framtíðar. Þessir stjórnendur voru staðsettir bæði hér norðan heiða sem og í Reykjavík enda er mikilvægt að fá upplýsingar úr mismunandi áttum af sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Ráðgjafar frá Símei stjórnunni umræddum og var fjölbreyttum aðferðum beitt til að kalla fram viðhorf þátttakenda. Sköpuðust afar uppbyggilegar og góðar umræður í rýnihópum sem munu nýtast vel í framhaldinu. Fyrirtækjaþingið er liður í greiningu á samkeppnishæfni sveitarfélagsins og undanfari nýrrar atvinnustefnu og aukinnar markaðssóknar Akureyrarbæjar.

Í lokin voru þátttakendur spurðir um framtíðaráform og voru niðurstöðurnar í senn jákvæðar og eftirtektarverðar. Af 34 sem svöruðu spurningunni sögðust 25 (74%) sjá fyrir sér aukin umsvif í atvinnurekstri á Akureyri, sex töldu að umsvif héldust óbreytt en aðeins einn hafði áform um að draga úr umsvifum. Svörum við þessari spurningu og nokkrum öðrum var safnað í gegnum Mentimeter veflausnina og eru þau því órekanleg til einstakra þátttakenda. Þó niðurstöðurnar séu úr óformlegri könnun þá eru þær engu að síður vísbending um að mikill hugur sé í atvinnurekendum á svæðinu.

Fólk færir störf - um færarleika starfa og yfirlýst markmið stjórnvalda um störf óháð staðsetningu

Kraftur og bjartsýni einkennda málþingið „Fólk færir störf“ sem haldið var með rafrænum hætti 28. janúar á vegum Akureyrarstofu og SSNE. Markmiðið var að varpa ljósi á vaxandi möguleika sem felast í störfum sem eru óháð staðsetningu. Vel á annað hundrað manns fylgdust með og tóku þátt á Zoom. Flutt voru erindi og sagðar reynslusögur af opinberum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa flutt störf á milli landa og landshluta eða þekktja vel kosti fjarvinnu. Hægt er að lesa um þingið og horfa á upptöku af því [HÉR](#).

UMSAGNIR UM FRUMVÖRP STJÓRNVALDA

Reglulega berast SSNE frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis og starfsfólk fylgdi vel með Samráðsgátt stjórnvalda til að geta veitt umsögn um mál sem eru sett þarf fram í umsagnarferli. Þörf fyrir umsagnir eru metnar af starfsfólki og kynntar fyrir stjórn sem tekur afstöðu og í mörgum tilvikum setur fram bókun á stjórnarfundum sem síðan verður grundvöllur umsagnar.


Erindi eru afgreidd á þrjú vegu:

- ekki talin ástæða til að bregðast við
- erindi sent áfram á sveitarfélög eða aðra hagsmunaaðila og athygli vakin á málinu
- skrifuð er umsögn í nafni stjórnar eða framkvæmdastjóra.

Nú á nýju ári mun SSNE birta allar umsagnir sem sendar verða inn á heimasíðu sinni. SSNE fagnar öllum ábendingum og samtali sem leitt getur til bættra umsagna og öflugri hagsmunagæslu fyrir hagaðila samtakanna.

Frekari upplýsingar gefur Elva í elva@ssne.is

Hver eru áform þín fyrir atvinnurekstur þinn á Akureyri?




TANNHJÓLIÐ

Í lok síðasta árs kláraðist þriggja ára áhersluverkefni Eypings frá 2017, Gert – Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni á Norðurlandi eystra. Verkefnið var að stóru leyti þekkingaryfirfærsla þar sem sambærilegt verkefni er unnið á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land. Um var að ræða samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins (SI), Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Unnið var að því að allir skólar væru Gert skólar og hefðu þar með aðgang að verkefnastjóra verkefnisins hjá SI og einnig þeim tólum og tækjum sem þar eru. Haldnar voru starfamessur á Akureyri og grunnskólum af öllu svæðinu boðið að koma og rútuferðir voru greiddar af verkefninu. Heimsókn frá Háskólanum í Reykjavík og margt fleira var gert.

Nú er verkefnið í höndum skólana sjálfra og verkefnastjóra SI og mun halda áfram. Meðan á verkefninu stóð átti starfsfólk atvinnuþróunarfélaganna á svæðinu í góðu samtali við gunn- og framhaldsskólana á svæðinu. Rætt var um sameiginlegar áskoranir og möguleika á að vinna að þeim saman. Nær allir grunnskólar nefndu að þeir ættu í erfiðleikum með að uppfylla og bjóða uppá fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi. Upp frá því spratt hugmynd af verkefni sem nú er orðið að veruleika og heitir Tannhjólíð og var unnið af Ásgarði.

Tannhjólíð er rammi utan um námsferil þar sem nemendur hanna og útfæra sína eigin valgrein eða verkefni í hóp. Hugmyndafræðin byggir á hugmyndum um Forvitnimiðað nám (e. inquiry based learning) og sköpunarnám (e. maker centered learning) og stuðst er fyrst og fremst við hönnunarhugsun (e. design thinking). Unnið er út frá grunnþættinum sköpun og hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Miðpunkturinn er að nemendur hanni og útbúi sína eigin afurð og verði í ferlinu rannsakendur, hönnuðir, uppfinningamenn, framleiðendur og seljendur sinnar eigin vöru. Í ferlinu er gert ráð fyrir að nemandi leiti sér leiðsagnar hjá aðila sem hefur þekkingu sem nýtist nemanda. Miðað er við að leitað sé grænna leiða og efniviður endurunninn eins og frekast er unnt.

Öllum er velkomið að nýta sér Tannhjólíð og við hvetjum til þess að allir nýti sér efnið í heild sinni eða eitthvað úr því. Nánari upplýsingar er að finna hér: <https://ais.is/latum-tannhjolinn-snuast/>



HACKING NORÐURLAND MATUR-VATN-ORKA

Lausnamót

Hacking Norðurland er lausnamót sem fer fram dagana 15.-18. apríl 2021 á Norðurlandi. Unnið verður með sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku. Markmið lausnamótsins er að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum. Lausnamótinu er ekki síður ætlað að vekja athygli á því öfluga frumkvöðlasamfélagi sem er á Norðurlandi.

Hacking Norðurland er samstarfsverkefni Hacking Hekla, Eims, Nordic Food in Tourism, SSNE, SSNV og Nýsköpun í norðri. Íslandsbanki styrkir verkefnið.

Dagskrá

Lausnamótið fer að stærstum hluta til fram í gegnum Hugmyndaþorp, sem er stafræn leið til samsköpunar, þróuð er af sprotafyrirtækinu Austan mána í samstarfi við Hacking Hekla. Þátttaka er því ekki háð staðsetningu og er öllum velkomið að taka þátt. Þátttakendur fá tækifæri til að kynna nýtingu auðlinda á Norðurlandi, tengjast nýju fólki og eflast í að vinna ný verkefni út frá áskorunum svæðisins.



Lausnamótið hefst 15. apríl með opunarviðburði og vefstofu þar sem rætt verður um þau tækifæri sem felast í auðlindum svæðisins. Föstudaginn 16. apríl hefst svo lausnamótið sjálft sem stendur í 48 klukkustundir. Samstarfsteymi Hacking Norðurland mun ferðast á milli frumkvöðlaseta á

svæðinu meðan á lausnamótinu stendur og geta þátttakendur nærri þeim setrum nýtt sér möguleikann á því að vinna að hugmyndum sínum þar. Lausnamótið endar sunnudaginn 18. apríl með lokaviðburði þar sem dómnefnd velur þrjú bestu verkefni. Hægt verður að fylgjast með frekari upplýsingum á vef- og Facebook síðu SSNE.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Nýja árið fer vel af stað í þróun Covid 19 og nú í lok janúar hefur okkur auðnast að ná faraldrinum niður í stöðu sem við höfum ekki séð síðan í júlí í fyrra. Landssvæði utan höfuðborgarsvæðisins eru laus við smit eða þá að verulega fá smit eru á svæðinu. Staðan á höfuðborgarsvæðinu er einnig mjög góð. Bóluefni berst til landsins þótt einhverjir hnökra séu á afhendingu og hraðinn eitthvað undir væntingum. Vonandi tekst okkur áfram að halda faraldrinum niðri en til þess verðum við öll að standa saman af sömu einurð og eljusemi og við höfum gert síðustu misseri. Þetta er allt á réttri leið.

Vetur konungur hefur minnt hraustlega á sig upp á síðkastið og enn og aftur birtast okkur áskoranir í samgöngumálum og öryggismálum á svæðinu. Lokanir vega, snjóflóð og óvissuástand sem brýnt er að bæta úr. Það er áriðandi að við hugum að stefnumörkun í samgöngumálum í landshlutanum og setjum fram sameiginlega sýn og forgangsröðun í þeim efnum gagnvart ríkisvaldinu. En þetta er líka tími skemmtilegra og gefandi verkefna. Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði til góðra og uppbyggilegra verkefna er eitt af okkar stóru verkefnum og um leið er það mjög ánægjulegt að fá það hlutverk að styðja við slík verkefni. Landshlutasamtökin velja einnig áhersluverkefni sem þau styrkja og eru verkefnin valin í takti við áherslur sem fram koma á þingum samtakanna. Úrvinnsla tillagna að áhersluverkefnum 2021 er hafin og lýkur í fyrstu viku febrúar.

Haldinn var fundur SSNE með framkvæmdastjórum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga og inn á þann fund fengum við Eygerði Margrétardóttur, sérfræðing í umhverfis- og úrgangsmálum hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Birgittu Stefánsdóttur, sérfræðing á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun. Þær kynntu vinnu sem er í gangi varðandi loftslagsstefnu sveitarfélaga og hvernig þau geta stutt við starfsemi sveitarfélaga á þessum mikilvæga vettvangi. Við hvetjum sveitarfélögin til að leita til þeirra varðandi viðfangsefni á þeirra sviði og nýta það bakland sem þar er. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga, með fulltingi SSNE, héldu fund með sveitarfélögum og öðrum hagaðilum á svæðinu um meðhöndlun úrgangs og hringrásarhagkerfið. Umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, kynnti drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 og drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis sem birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig fengum við stutt erindi frá sérfræðingum Sambandsins og í kjölfarið fóru fram góðar og gagnlegar umræður um málið.

Janúarmánuður hefur verið annasamur og viðburðaríkur hjá okkur. Við vorum með fyrsta starfsdag SSNE á árinu 25. janúar þar sem við fórum yfir mál sem snúa að okkar innra starfi og skipulagi starfseminnar. Við fórum yfir drög að samskiptastefnu SSNE og erum nú að leggja lokahönd á hana. Aðgerðaráætlun vegna áreitni á vinnustað var kynnt og innleidd og vinna við endurskoðun Sóknaráætlunar var skipulögð svo dæmi séu nefnd. Fyrirtækjaþing og málþing um störf óháð staðsetningu í samstarfi við Akureyrarstofu, fundur um drög að klasastefnu, fundur um hálendisþjóðgarð, fundur um listnám og menningarstefnu Íslands, samtal um fiskeldismál og umhverfismál hafa ratað á dagskrá okkar svo fátt eitt sé nefnt, til viðbótar við það sem áður kom fram.

Þessi fjölbreytta flóra viðfangsefna staðfestir enn og aftur mikilvægi þess að í landshlutanum sé öflugur vettvangur samstarfs og upplýsingamiðlunar um mikilvæg hagsmunamál og við hjá SSNE leggjum okkur fram um að sinna því hlutverki af kostgæfni. Sjá má viðverutíma starfsmanna hér að neðan en sú nýjung hefur orðið að Silja Jóhannesdóttir, starfsmaður SSNE verður með viðveru í Skútustaðahreppi í Mikley annan miðvikudag og fimmtudag í mánuði. Íbúar geta bókað viðtöl eða dottið inn í kaffi meðan hún er á staðnum til að ræða hugmyndir eða ef aðstoð vantar varðandi atvinnuþróun eða styrki.

Með kærri kveðju

Eyþór Björnsson, framkvæmdarstjóri

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 15:00. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku. **Akureyri** - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 15:00. **Bakkafjörður** - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er breytileg. **Raufarhöfn** - Nanna Steina er þar alla daga vikunnar nema föstudaga á milli 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).